



**77. Fundur bæjarráðs Blönduósbaejar  
miðvikudaginn 20. mars 2013, kl. 15:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir:
    - a) stjórnar SSNV frá 29. janúar 2013
    - b) stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 15. febrúar 2013
  2. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 18. febrúar 2013
  3. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 18. febrúar 2013
  4. Fundarboð - Aðalfundur Ámundakinnar ehf.
  5. Úttektarskýrsla Kleifar
  6. Drög að innkaupareglum
  7. Önnur mál
- 

**Afgreiðslur:**

1. **Fundargerðir:**
  - a) **stjórnar SSNV frá 29. janúar 2013**  
*Lögð fram til kynningar.*
  - b) **stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 15. febrúar 2013**  
*Lögð fram til kynningar.*
2. **Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 18. febrúar 2013**  
*Ágúst Þór Bragason, forseti bæjarstjórnar og Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri mættu á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2012.*
3. **Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 18. febrúar 2013**  
*Lánasjóður sveitarfélaga auglýsir eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.*  
  
*Lagt fram til kynningar.*
4. **Fundarboð - Aðalfundur Ámundakinnar ehf.**  
*Aðalfundur Ámundakinnar ehf. verður haldinn í Sjálfstæðishúsinu, Húnabraut 13, Blönduósi mánudaginn 11. mars 2013.*  
  
*Anna Margret Sigurðardóttir mætti á fundinn og fór með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum.*
5. **Úttektarskýrsla Kleifar**  
*Fyrir liggur úttektarskýrsla á jörðinni Kleifum Blönduósi.*



Lögð fram til kynningar.

## 6. Drög að innkaupareglum

Fyrir fundinn liggja drög að innkaupareglum Blönduósbæjar.

Bæjarráð vísar reglunum til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

## 7. Önnur mál

### a) Samningur um ráðgjafarþjónustu

Fyrir fundinn liggja drög að samningi um ráðgjafarþjónustu við Ráðbarð sf. Í samningnum kemur fram að Ráðbarður sf. tekur að sér að sinna starfi byggingarfulltrúa á Blönduósi. Ráðbarður sf. mun annast öll þau verkefni sem tilheyra starfi byggingarfulltrúa samkvæmt mannvirkjalögum og viðkomandi reglugerðum.

Bæjarráð samþykkir samninginn.

### b) Samkomulag við lóðarhafa að Ennisbraut 1

Bæjarráð samþykkir að Blönduósbær ljúki frágangi á gangstétt við Ennisbraut 1 sumarið 2014 í tengslum við breytingu á hluta Húnabrautar vegna byggingaráforma SAH-afurða skv. minnisblaði tæknideildar frá 18. mars 2013.

### c) Samningar um vinnslu afla vegna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2012/2013

Samningar milli útgerðaraðila, kaupanda afla, fiskvinnslu og sveitarstjórnar lagðir fram til staðfestingar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 16:50

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)